



## **Opna fjallvegir fyrir landnám innfluttra plöntutegunda á hálendi Íslands?**

**Pawel Wasowicz, Rannveig Thoroddsen, Starri Heiðmarsson,  
Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Járngerður Grétarsdóttir,  
Einar. Ó. Þorleifsson, Brynjólfur Brynjólfsson**

**Styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar**





## **Opna fjallvegir fyrir landnám innfluttra plöntutegunda á hálendi Íslands?**

**Pawel Wasowicz, Rannveig Thoroddsen, Starri Heiðmarsson,  
Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Járngerður Grétarsdóttir,  
Einar Ó. Þorleifsson, Brynjólfur Brynjólfsson**

Styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

NÍ-23001

Garðabær, mars 2023



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

*Mynd á kápu: Mosavaxið Bleikáluhraun sunnan við áfangastaðinn Hólaskjól á Landmannaleið.  
Ljósmynd. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 16. ágúst 2022.*

ISSN 1670-0120

	<b>Náttúrufræðistofnun Íslands</b> Urriðaholtsstræti 6–8 210 Garðabæ Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri	Sími 590 0500 <a href="http://www.ni.is">http://www.ni.is</a> <a href="mailto:ni@ni.is">ni@ni.is</a>	<b>Skýrsla nr.</b> NÍ-23001
			<b>Dags, Mán, Ár</b> Mars 2023
			<b>Dreifing</b> Opin
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill</b> Opna fjallvegir fyrir landnám innfluttra plöntutegunda á hálendi Íslands?		<b>Fjöldi síðna</b> 36	
		<b>Kort / Mælikvarði</b>	
<b>Höfundar</b> Pawel Wasowicz, Rannveig Thoroddsen, Starri Heiðmarsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Járngerður Grétarsdóttir, Einar Ó. Þorleifsson, Brynjólfur Brynjólfsson		<b>Verknúmer</b> 2874	
		<b>Málsnúmer</b>	
<b>Styrkt af</b> Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. <i>Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.</i>			
<b>Útdráttur</b> <p>Vegir og slóðar geta auðveldað landnám aðfluttra plöntutegunda inn á svæði þar sem þær hafa haft lítil áhrif í sögulegu samhengi vegna samvirkni nokkurra þátta meðfram vegum: aukin röskun, sundrung búsvæða, breyting á efnafræði jarðvegs, vatnafar og aukid rof, minni samkeppni og aukid magn fjölgunareininga (fræ og plöntuhlutar). Dreifing aðfluttra plöntutegunda á Miðhálandi Íslands hefur aldrei verið skoðuð áður á skipulagðan hátt. Miðhálandið, með erfiðum veðurskilyrðum og mjög stuttum vaxtartíma, er talið eitt af stærstu víðernum sem eftir eru í Evrópu. Hálendið er talið vera stærsta svæðið í Evrópu sunnan heimskauntsbaugsins þar sem maðurinn hefur aldrei haft fasta búsetu. Engu að síður hefur hálendið verið undir áhrifum manna í meira en árþúsund og leiddu þau áhrif, ásamt síðasta kuldatímabili (1600–1900), til verulegra breytinga á gróðurþekju vegna aukins rofs og eyðimerkurmyndunar. Fyrri rannsóknir sýna að áhrif mannsins hafa ekki breytt samsetningu flórunnar og að svæðið gegnir því lykilhlutverki við að viðhalda náttúrulegu útbreiðslumynstri margra innlenda plöntutegunda á Íslandi.</p> <p>Alls var 21 aðflutt æðplöntutegund af 12 ættum skráð í öllum rannsóknarreitum, sem er 20% af öllum aðfluttum æðplöntutegundum sem skráðar eru á Íslandi. Landfræðilegur uppruni aðfluttra tegunda sem við höfum skráð meðfram hálendisvegum er svipaður og staðfest hefur verið á sambærilegum svæðum um allan heim þar sem evrópskar og asískar plöntur eru algengastar. Athyglisvert er að tré voru yfir 20% af aðfluttum tegundum meðfram hálendisvegum sem er mun hærra en heildarhlutfall trjáa í flóru Íslands, einnig mjög hátt í samanburði við aðflutta flóru fjallendis/hálendis annars staðar í heiminum, þar sem aðfluttar trjátegundir eru mjög sjaldgæfar.</p> <p>Rannsóknir okkar sýndu að tegundaauði aðfluttra plantna meðfram vegum er fyrst og fremst stjórnað af veðurfari og að hlýnunin mun vafalaust stuðla að breytingum í dreifingu framandi plantna með aukinni hæð sem og skilvirkari útbreiðslu núverandi stofna. Við komumst líka að því að innfluttum tegundum fjölgaði verulega með aukinni umferð og auknum meðalíbúapétteleika.</p> <p>Það er enginn vafi á því að vegakerfið innan hálendisssvæðisins nýtist sem leið fyrir landnám aðfluttra plantna og útbreiðslu þeirra í kjölfarið og að áhrif vegakerfisins á viðkvæm vistkerfi hálendisins munu aukast verulega á næstu áratugum með hlýnun lofstags. Til að lágmarka áhættu sem tengist þessu ferli og forðast umhverfisspjöll eru lagðar fram sjö ráðleggingar sem gott er að hafa í huga við skipulagningu og framkvæmd hvers kyns starfsemi sem tengist vegamannvirkjum á íslenska hálendinu.</p>			
<b>Lykilorð</b> Aðfluttar plöntur, ágengar plöntur, hálendið, vegakerfi, ferðamennska		<b>Yfirfarið</b> MH	



**EFNISYFIRLIT**

<b>1 INNGANGUR</b>	<b>7</b>
<b>2 AÐFERÐIR</b>	<b>8</b>
2.1 Dreifing og fjöldi reita	8
2.2 Mælingar í reitum	8
2.3 Önnur gögn	10
2.3.1 Loftslagsbreytur (climatic variables)	10
2.3.2 Íbúabéttleiki	10
2.3.3 Hæðargögn	11
2.3.4 Umferðargögn	11
2.3.5 Gögn um lífsform/lífmyndir tegunda og önnur vistfræðileg einkenni	11
2.4 Gagnagreining	11
<b>3 NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>12</b>
<b>4 UMRÆÐUR</b>	<b>16</b>
4.1 Flokkunar- og vistfræðileg samsetning aðfluttrar flóru meðfram hálendisvegum	16
4.2 Hvaða umhverfisþættir stjórna tegundaauðgi aðfluttra æðplantna meðfram hálendisvegum?	18
4.3 Er íslenskt hálendi jafn ónæmt fyrir aðfluttum plöntum og hálendissvæði/fjalllendi á lægri breiddargráðum?	19
4.4 Áhrif loftslagsbreytinga	19
4.5 Leiðbeiningar fyrir stefnumótandi aðila í náttúruvernd	20
<b>5 ÞAKKIR</b>	<b>20</b>
<b>6 HEIMILDIR</b>	<b>21</b>
<b>7 VIÐAUKAR</b>	<b>26</b>
1. viðauki. Ljósmyndir teknar við rannsóknina.	26
2. viðauki. Staðsetning rannsóknarreita.	31



## 1 INNGANGUR

Framandi plöntutegundir eru ein mesta ógnunin við innlendan líffræðilegan fjölbreytileika (Pyšek o.fl. 2020). Þær geta haft margvísleg áhrif á innlendar tegundir og þannig stuðlað að verulegum umhverfisbreytingum. Áhrif aðfluttra tegunda fela meðal annars í sér breytingar á samsetningu og uppbyggingu plöntusamfélaga, hringrás næringarefna og vatns, gróðureldahættu, breytingar á hitastigi í umhverfi plantnanna og jafnvel útrýmingu innlendra tegunda (Vilà o.fl. 2011, Pyšek o.fl. 2012). Aðfluttar plöntutegundir geta breytt ásýnd svæða sem þær leggja undir sig sem stuðlar að rýrnun á gildi svæðanna fyrir ferðamenn, tapi á beitilandi búfjár, aukinni veðrun o.s.frv. (De Wit o.fl. 2001).

Á Íslandi, sem er einangruð eyja í Norður-Atlantshafi með lítinn mannfjölda og erfiðar veðurfarsaðstæður, hafa áhrif af innrásum plantna verið minni en í suðlægari löndum á meginlandi Evrópu (Wasowicz o.fl. 2013). Landið passar því inn í hnattrænt mynstur þar sem hlutfall aðfluttra framandi tegunda er lægra á heimskautasvæðunum en á svæðum á lægri breiddargráðum (Ellis o.fl. 2012, Taylor o.fl. 2020). Almenn útbreiðslumynstur aðfluttra plöntutegunda á Íslandi, eins og rannsóknir hafa sýnt fram á (Wasowicz o.fl. 2013), er svipað því mynstri sem þekktist annars staðar í heiminum þar sem láglandssvæði verða fyrir mestum áhrifum (Pauchard o.fl. 2009, Zefferman o.fl. 2015).

Miðhálendi Íslands, með erfiðum veðurskilyrðum og mjög stuttum vaxtartíma, er talið eitt af stærstu víðernum sem eftir eru í Evrópu (Sæþórsdóttir og Saarinen 2015). Hálendið er talið vera stærsta svæðið í Evrópu sunnan heimskautsbaugsins þar sem maðurinn hefur aldrei haft fasta búsetu. Svæðið er einstakt hvað varðar landslagsgildi og líffræðilegan fjölbreytileika sem það býr yfir. Engu að síður hefur hálendið, rétt eins og önnur svæði á Íslandi, verið undir áhrifum manna í meira en árþúsund og vega þar beitaráhrif þyngst (Arnalds 1987). Þessi áhrif, ásamt síðasta kuldatímabili sem kallast Litla ísöld (1600–1900), leiddu til verulegra breytinga á gróðurþekju vegna aukins rofs og eyðimerkurmyndunar (Hallsdóttir og Caseldine 2005, Eddudóttir o.fl. 2020). Hins vegar hafði þetta lítil áhrif á samsetningu flórunnar (Wasowicz 2016) og hálendið gegnir því lykilhlutverki við að viðhalda náttúrulegu útbreiðslumynstri margra innlenda plöntutegunda á Íslandi (Wasowicz o.fl. 2014).

Gera má ráð fyrir að þar til nýlega séu tvær meginástæður sem hafa viðhaldið flóru þessara köldu svæða: óblítt loftslag og lítil umferð fólks (Walther o.fl. 2009, Thuiller o.fl. 2007). Hins vegar hafa aðstæður breyst hratt á síðustu áratugum. Ísland, eins og mörg önnur svæði á norðurslóðum, hefur vaxandi aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Fjöldi erlendra gesta hefur aukist verulega síðustu ár eða úr 21.000 árið 1995 í rúmlega 2.000.000 árið 2018 (Ferðamálastofa 2022), sem er um hundraðföld aukning á rúmum tveimur áratugum. Miðhálendið, vegna einstaks landslags og náttúru, er einn helsti ferðamannastaðurinn og dregur að sér allt að 30% af heildarfjölda ferðamanna sem heimsækja Ísland (Ferðamálastofa 2017). Nær allir ferðamenn koma á hálendið í einkabílum eða hópferðabílum sem eykur verulega líkur á útbreiðslu innfluttra plantna meðfram vegakerfi hálendisins.

Íslenskt loftslag er líka að breytast mjög hratt. Eftir hlýrra tímabil um miðja 20. öld hófst veruleg kólnun á sjöunda áratugnum og hélst loftslagið kaldara fram á níunda áratuginn (Hanna o.fl. 2004, Björnsson o.fl. 2018). Frá því á níunda áratugnum hefur hins vegar verið stöðug hlýnun, þar sem meðalhiti hefur hækkað um 0,47°C á áratug. Þessi hraði hlýnunar er um þrisvar sinnum meiri en meðalhraði hlýnunar jarðar (Hanna o.fl. 2004, Björnsson o.fl. 2018).

Vegir og stígar hafa orðið mjög vinsælir sem líkan til að rannsaka aðflutning plantna, sérstaklega á fjallasvæðum, en með þeim gefst tækifæri til að rannsaka dreifileiðir/aðkomuleiðir plantna í gegnum mismunandi gróðurgerðir og fallanda í umhverfi með stöðugu raski (Pauchard og Alaback 2004, Haider o.fl. 2022). Vegir eru ekki aðeins þungamiðja rasks af mannavöldum, heldur má einnig líta á þá sem mannvirki sem stórauka útbreiðslukraft (propagule pressure) fræja sem flytjast með bílum, dýrum, fatnaði og skóbúnaði manna og stuðla þannig að útbreiðslu aðfluttra plöntutegunda á ónumdum svæðum (Zwaenepoel o.fl. 2006, Taylor o.fl. 2012).

Vegir og slóðar geta auðveldað landnám aðfluttra plöntutegunda inn á svæði þar sem þær hafa haft lítil áhrif í sögulegu samhengi vegna samvirkni nokkurra þátta meðfram vegum: aukin röskun, sundrung búsvæða, breyting á efnafræði jarðvegs, vatnafar og aukið rof, minni samkeppni og aukið magn fjölgunareininga (fræ og plöntuhlutar) (Müllerová o.fl. 2011, Medvecká o.fl. 2018). Þrátt fyrir að rannsóknir á áhrifum framandi plöntutegunda á norðurslóðum séu enn af skornum skammti þá eru til rannsóknir sem sýna að í vistkerfum norðurslóða áttu tegundir, sem eru algengar í vegköntum, mun auðveldar með að nema land í fjallendi en á láglandi (Lembrechts o.fl. 2014). Hröð útbreiðsla framandi plöntutegunda í fjallendi/hálendi í öllum heimsálfum (Iseli o.fl. 2023) gefur sterka vísbendingu um að sama ferli kunni að vera að þróast á norðurslóðum.

Markmið rannsóknarinnar var að greina útbreiðslumynstur framandi plöntutegunda á hálendi Íslands með sérstakri áherslu á þátt vega í aðflutningi tegundanna. Okkur langaði til að svara eftirfarandi spurningum:

1. Virka fjallvegir sem leið fyrir framandi plöntutegundir inn á hálendi Íslands?
2. Hvaða tegundir nota þessa leið og hafa þær einhver sameiginleg einkenni?
3. Hver eru áhrif ýmissa umhverfisþátta (svo sem hæðar yfir sjó, veðurfars og mismunandi vegeiginleika) á tegundaauðgi aðfluttra plantna meðfram hálendisvegum?

Í rannsókn okkar bárum við saman þrjú mismunandi vegi sem tengja láglandissvæði við vinsæla ferðamannastaði á íslenska hálendinu. Rannsóknir okkar auka þekkingu á mynstri plöntuflutninga meðfram vegum í köldu umhverfi/loftslagi.


## 2 AÐFERÐIR

### 2.1 Dreifing og fjöldi reita

Rannsóknin fór fram í ágúst 2022 meðfram þremur fjallvegum sem liggja frá láglandi inn á hálendið (1. mynd): **Landmannaleið** (LML) – sem tengir láglandi við Landmannalaugar, **Kjalveg** (KJV) – gamall vegur sem var mikið notaður sem reiðvegur á miðöldum og einn vinsælasti fjallvegurinn nú á dögum, veitir bílum aðgang að nokkrum ferðamannastöðum eins og Hveravöllum, og **Öskjuvegur** (ASK) – fjallvegur sem tengir Hringveginn við Öskju og aðra ferðamannastaði á NA-hálendinu.

### 2.2 Mælingar í reitum

Staðsetning rannsóknarreita var ákvörðuð með gps-punktum sem voru staðsettir meðfram fjallvegum með 700 metra millibili (2. viðauki). Með þessari aðferð urðu til 132 punktar meðfram Öskjuvegi, 164 punktar meðfram Landmannaleið og 230 punktar meðfram Kjalvegi.




1. mynd. Staðsetning vega sem skoðaðar voru árið 2022 og hæðarsnið þeirra. Hvert hæðarsnið byrjar við norðurenda vegarins.

Í hverjum punkti var settur upp rannsóknarreitur og var punkturinn staðsettur í miðju reitsins en reiturinn náði yfir svæðið frá vegarbrún og 10 metra út fyrir veginn beggja vegna hans. Lengd hvers rannsóknarreits var 100 metrar, þannig að heildarflatarmálið var 2000 m<sup>2</sup> (2. mynd). Í hverjum reit voru framandi æðplöntutegundir greindar (Wasowicz 2020) og þekja þeirra metin og sömuleiðis heildarþekja gróðurs, heildarþekja æðplantna, heildarþekja mosa og heildargrýtniþekja. Vistgerðir voru greindar og heildarþekja þeirra metin í hverjum reit. Vistgerðaflokkun var samkvæmt Jóni Gunnari Ottósyni o.fl. (2016). Í öllum tilfellum var þekja metin með Braun-Blanquet kvarða (1. tafla). Fyrir utan þessa þætti skráðum við einnig staðsetningu vegarins, halla hans og staðsetningu rannsóknarreits í tengslum við mismunandi eiginleika eins og beygjur, þverun o.s.frv. (sjá 1. töflu). Hver rannsóknarreitur var greindur af tveim rannsóknamönnum. Í rannsókninni voru alls 526 rannsóknarreitir skráðir en heildarflatarmál þeirra var 1.052.000 m<sup>2</sup> (1,052 km<sup>2</sup>).

**1. tafla.** Braun-Blanquet-þekjuskali sem notaður var við mat á þekju æðplöntutegunda í rannsókninni (Goldsmith and Harrison 1976).

Flokkur	Þekjubil	Miðgildi
•	0–0,5	0,25%
+	0,5–1%	0,75%
1	1–5%	3%
2	5–25%	15%
3	25–50%	37,5%
4	50–75%	62,5%
5	75–100%	87,5%



2. mynd. Staðsetning gps-punkts og lögun og staðsetning rannsóknarreiðs.

## 2.3 Önnur gögn

### 2.3.1 Loftslagsbreytur (climatic variables)

Við notuðum sett af 19 lífloftslagsbreytum (bioclimatic variables) með mikilli staðbundinni upplausn og alheimsútbreiðslu úr WorldClim-gagnagrunninum (Fick og Hijmans 2017, Worldclim). Breyturnar eru með ákveðna líffræðilega þýðingu og eru reiknaðar út frá mánaðarlegum hita- og úrkomumælingum (afleiddar breytur). Þær eru oft notaðar við gerð líkana um útbreiðslu lífvera og í allskyns vistfræðilegri líkanagerð. Lífloftslagsbreyturnar tákna árstíðarsveiflu, öfgakennda eða takmarkandi umhverfisþætti, árlega þróun (t.d. ársmeðalhita, ársúrkomu) og hitastig og úrkomu yfir árið (t.d. hitastig kaldasta og hlýjasta mánaðarins og úrkomu blautasta og þurrasta ársfjórðungs) (2. tafla).

### 2.3.2 Íbúaþéttleiki

Gögn um íbúaþéttleika í  $1 \times 1$  km upplausn voru fengnar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og byggjast á gögnum úr Þjóðskrá frá desember 2019. Gildi íbúaþéttleika fyrir hvern rannsóknarreit var reiknað út sem meðalgildi úr öllum  $1 \times 1$  km reitum í 10 km radíus frá hverjum rannsóknarpunkti. Útreikningar á meðalþéttleika íbúa voru gerðar með QGIS (QGIS Development Team 2021).

### 2.3.3 Hæðargögn

Gögn um hæð yfir sjávarmáli voru dregin út úr ArcticDEM v3.0 hæðarlíkani (Porter o.fl. 2018).

### 2.3.4 Umferðargögn

Opinber gögn um umferð um vegi sem voru til skoðunar í rannsókninni (fjöldi bíla á ári) voru sótt á vef Vegagerðarinnar. Gögn sem notuð voru í okkar rannsóknum byggja á mælingum sem gerðar voru á árunum 2017 til 2021. Notuð voru meðalgildi tímabilsins fyrir hvern vegkafla.

### 2.3.5 Gögn um lífsform/lífmyndir tegunda og önnur vistfræðileg einkenni

Annotated Checklist of Vascular Plants of Iceland (Wasowicz, 2020) og önnur viðeigandi rit voru notuð til að ákvarða stöðu tegundar (innlend eða aðflutt). Aðfluttar tegundir voru flokkaðar í eftirfarandi flokka: nýaáfluttar tegundir (naturalized non-native taxon), tegundir með óþekktu landnámssögu (non-native taxons of unknown age), fornaáfluttar tegundir (archaeophytes), óvissar innlendar tegundir (doubtfully native taxons) (Wasowicz 2018, 2020). Upplýsingar um eiginleika tegunda (hámarkshæð, fjölgun, lífmynd, klónvöxt, líflandafræðilegir þættir (biogeographic element) og uppruni tegunda voru fengnar frá Hill o.fl. (2004) eða úr öðrum viðeigandi ritum ef um var að ræða tegundir sem eru ekki skráðar í Hill o.fl. (2004).

## 2.4 Gagnagreining

Við greindum eftirfarandi gagnasett:

Gagnasett 1 – upplýsingar um þekju aðfluttra tegunda og önnur einkenni rannsóknarreits eins og: vistgerð samkvæmt EUNIS-flokkun (Davies o.fl. 2004, Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016), heildarþekju gróðurs, þekju mosa, æðplantna, grýtniþekju og upplýsingar um einkenni viðeigandi vegakafla (sjá 2. töflu).

Gagnasett 2 – upplýsingar um tegundaaúðgi (tegundafjölda) aðfluttra æðplötutegunda og umhverfiseiginleika viðeigandi rannsóknarreits (2. tafla).

Línuleg samröðun milli ýmissa breyta sem einkenna rannsóknareitina var athuguð með því að nota Spearman's-fylgnistuðla, en mjög tengdar breytur (Spearman's  $\rho \geq 0,8$ ) voru undanskildar úr greiningunni.

Línulegt líkan var notað til að meta tengsl milli tegundaaúðgi aðfluttra plöntutegunda og annarra breytna. Við notuðum fjölþátta aðhvarfsgreiningu með stigskiptingu (stepwise regression) til að finna breytur sem skila bestu niðurstöðu líkansins. Aðhvarfsgreiningin var gerð í tölfræðiforritinu R með stepAIC()-skipun MASS-pakkans (Venables and Ripley 2002) en þar er besta líkanið valið með Akaike Information Criterion AIC-gildi. Notað var bæði fram- og afturábak val í stigskiptu greiningunni. Spáð var fyrir um áhrif ólíkra líkansbreyttna á tegundaaúðgi aðfluttra plöntutegunda með því að nota *effects*-pakka (Fox and Sanford 2019) í R. Til að búa til gröf og línurit í R var ggplot2 pakkinn (Wickham 2016) notaður.

Fjölbreytugreiningaraðferðin non-metric multidimensional scaling (NMDS) var notuð til að skoða breytileika milli rannsóknarreita. Gögnum var umbreytt með kvaðratrót og Wisconsin double standardization-umbreytingu. Bray-Curtis-skyldleikaprófið var notað til að bera saman tegundasamsetningu reita. Allir útreikningar voru gerðir með vegan-pakkanum (Oksanen o.fl. 2022) í R.

## 2. tafla. Breytur sem notaðar voru við líkanagerð.

Breyta [eining]	Mæliaðferð/heimild	Gagnasett
Hæð yfir sjó [m]	ArticDEM v3.0	Gagnasett 2
Heildapekja gróðurs[%]	Mat sérfræðings (Braun-Blanquet kvarðinn)	Gagnasett 1
Æðplötupekja [%]	Mat sérfræðings (Braun-Blanquet kvarðinn)	Gagnasett 1
Mosapekja [%]	Mat sérfræðings (Braun-Blanquet kvarðinn)	Gagnasett 1
Grýtnipekja [%]	Mat sérfræðings (Braun-Blanquet kvarðinn)	Gagnasett 1
Vistgerðir	Mat sérfræðings (Braun-Blanquet kvarðinn)	Gagnasett 1
Staðsetning vegar (jafnlendi, hlið, hryggur-aflöng hæð, gil)	Mat sérfræðings	Gagnasett 1
Vegahalli (til staðar/ekki)	Mat sérfræðings	Gagnasett 1
Staðsetning reitsins(vegamót, á sveigju, á milli sveigja, beinn vegur	Mat sérfræðings	Gagnasett 1
Bio 1 ársmeðalhiti [°C]	BioClim	Undanskilin*
Bio 2 – árlegt meðaldægurbil hitastigs [°C]	BioClim	Gagnasett 2
Bio 3 – breytileikabil hitastigs [%]	BioClim	Gagnasett 2
Bio 4 – árstíðabundin breytileiki hitastigs [°C]	BioClim	Undanskilin*
Bio 5 – hámarkshitastig hlýjasta mánaðarins [°C]	BioClim	Undanskilin*
Bio 6 – lágmarkshitastig kaldasta mánaðarins [°C]	BioClim	Undanskilin*
Bio 7 – spönn árhita [°C]	BioClim	Gagnasett 2
Bio 8 – meðalhiti blautasta ársfjórðungs [°C]	BioClim	Gagnasett 2
Bio 9 – meðalhiti þurrasta ársfjórðungs [°C]	BioClim	Gagnasett 2
Bio 10 – meðalhiti hlýjasta ársfjórðungs [°C]	BioClim	Undanskilin*
Bio 11 – meðalhiti kaldasta ársfjórðungs [°C]	BioClim	Undanskilin*
Bio 12 – ársúrkoma [mm]	BioClim	Gagnasett 2
Bio 13 – úrkoma blautasta mánaðarins [mm]	BioClim	Undanskilin*
Bio 14 – úrkoma þurrasta mánaðarins [mm]	BioClim	Undanskilin*
Bio 15 – árstíðabundin breytileiki úrkomu [%]	BioClim	Gagnasett 2
Bio 16 – úrkoma blautasta ársfjórðungs [mm]	BioClim	Undanskilin*
Bio 17 – úrkoma þurrasta ársfjórðungs [mm]	BioClim	Undanskilin*
Bio 18 – úrkoma hlýjasta ársfjórðungs [mm]	BioClim	Undanskilin*
Bio 19 – úrkoma kaldasta ársfjórðungs [mm]	BioClim	Undanskilin*
Meðalíbúaþéttleiki [íbúar/km <sup>2</sup> ]	Húsnaðis- og mannvirkjastofnun	Gagnasett 2
Fjöldi bíla á ári [fjöldi bíla]	Vegagerðin	Gagnasett 2

\*) Spearman's  $\rho \geq 0,8$

## 3 NIÐURSTÖÐUR

Alls var 21 aðflutt æðplöntutegund af 12 ættum skráð í öllum rannsóknarreitum. Allar skráðar aðfluttar tegundir voru ílendar (naturalized): ein óviss innlend tegund (doubtfully native), tvær aðfluttar tegundir með óþekkta landnámssögu (non-native taxon of unknown age), sjö fornaðfluttar tegundir (archaeophytes) og 11 nýaðfluttar tegundir (neophytes), þar á meðal tvær ágengar.

Meirihluti framandi tegunda sem voru skráðar meðfram hálendisvegum tilheyrðu grasætt (Poaceae) (24%), hjartagrasætt (Caryophyllaceae) (14%), víðisætt (Salicaceae) (14%) og ertublómaætt (Fabaceae) (9%). Aðrar ættir voru með eina tegund hver.

Sautján aðfluttar tegundir voru lágvaxnar með hámarkshæð undir 100 cm en hámarkshæð fjögurra tegunda var undir 200 cm. Fjórar trjákenndar tegundir sem fundust meðfram hálendisvegum tilheyrðu flokki með hámarkshæð yfir þremur metrum (3. tafla). Fimmtán skráðar tegundir voru fjölærar en sex tegundir voru einærar (3. tafla). Hlutföll lífmynda voru eftirfarandi:

Svarðplöntur (hemicryptophytes) var algengasta lífmyndin eða 48% allra skráðra innfluttra tegunda, einærar plötur (therophytes) voru 29%, loftplöntur (phanerophytes) 19% og runn- og þófaplöntur (chamaephytes) 5% (3. tafla). Fimm tegundir geta fjölgað sér með klónvexti (clonal growth) (3. tafla). Tegundir með útbreiðslu í barrskóga-tempraða beltinu voru algengastar (52%), svo komu tegundir með útbreiðslu í tempraða beltinu (33%) og í barrskógabeltinu (14%). Evrasía var upprunasvæði langflestra tegunda (38%), svo komu evrópskar tegundir (24%), norður-amerískar tegundir (14%), pólhverfar (circumpolar) tegundir (14%) og tegundir með uppruna í Austur-Asíu (10%) (3. tafla).

### 3. tafla. Eiginleikar tegunda sem hafa fundist meðfram hálendisvegum.

Tegundaheiti	Ætt	Hámarks- hæð (cm)	Fjölær/ einær	Lífmynd	Klónvöxtur	Útbreiðslu- mynstur	Uppruni
Háliðagras ( <i>Alopecurus pratensis</i> )	Poaceae	105	Fjölær	Svarðplanta		Barrskóga-tempraða beltíð	Evrasía
Ununarreyr ( <i>Anthoxanthum odoratum</i> )	Poaceae	50	Fjölær	Svarðplanta		Tempraða beltíð (útbreidd)	Evrasía
Skógarkerfill ( <i>Anthriscus sylvestris</i> )	Apiaceae	100	Fjölær	Svarðplanta		Barrskóga-tempraða beltíð	Evrasía
Vegarfi ( <i>Cerastium fontanum</i> subsp. <i>vulgare</i> )	Caryophyllaceae	30	Fjölær	Runn og þófaplanta	Stuttir skriðulir jarðstönglar	Barrskóga-tempraða beltíð	Evrópa
Beringspuntutur ( <i>Deschampsia cespitosa</i> subsp. <i>beringensis</i> )	Poaceae	150	Fjölær	Svarðplanta		Barrskógabeltíð (útbreidd)	Pólhverf
Vætudúnurt ( <i>Epilobium ciliatum</i> subsp. <i>ciliatum</i> )	Onagraceae	75	Fjölær	Svarðplanta		Tempraða beltíð (útbreidd)	N America
Rauðvingull ( <i>Festuca rubra</i> subsp. <i>rubra</i> )	Poaceae	72	Fjölær	Svarðplanta	Langir skriðulir jarðstönglar	Barrskógabeltíð (útbreidd)	Pólhverf
Lækjasef ( <i>Juncus bufonius</i> )	Juncaceae	25	Einær	Einær		Tempraða beltíð (útbreidd)	Pólhverf
Hlaðkolla ( <i>Lepidothea suaveolens</i> )	Asteraceae	35	Einær	Einær		Tempraða beltíð (útbreidd)	Austur-Asía/ Norður-Ameríka
Alaskalúpína ( <i>Lupinus nootkatensis</i> )	Fabaceae	150	Fjölær	Svarðplanta		Barrskóga-tempraða beltíð	Norður-Ameríka
Gleym-mér-ei ( <i>Myosotis arvensis</i> )	Boraginaceae	40	Einær	Einær		Barrskóga-tempraða beltíð	Evrasía
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Pinaceae	2500	Fjölær	Loftplanta		Barrskóga-tempraða beltíð	Norður-Ameríka
Varpasveifgras ( <i>Poa annua</i> )	Poaceae	20	Einær	Einær		Tempraða beltíð (útbreidd)	Evrasía
Skriðsóleý ( <i>Ranunculus repens</i> )	Ranunculaceae	60	Fjölær	Svarðplanta	Langir skriðulir jarðstönglar	Barrskóga-tempraða beltíð	Evrasía
Alaskaviðir ( <i>Salix alaxensis</i> )	Salicaceae	500	Fjölær	Loftplanta		Barrskógabeltíð (útbreidd)	Austur-Asía / Norður-Ameríka
Viðja ( <i>Salix borealis</i> )	Salicaceae	300	Fjölær	Loftplanta		Barrskóga-tempraða beltíð	Evrópa
Selja ( <i>Salix caprea</i> )	Salicaceae	1000	Fjölær	Loftplanta		Barrskóga-tempraða beltíð	Evrópa
Skurfa, <i>Spergula arvensis</i> subsp. <i>sativa</i> )	Caryophyllaceae	30	Einær	Einær		Tempraða beltíð (útbreidd)	Evrópa
Haugarfi ( <i>Stellaria media</i> )	Caryophyllaceae	50	Einær	Einær		Tempraða beltíð (útbreidd)	Evrasía
Hvítsmári ( <i>Trifolium repens</i> )	Fabaceae	20	Fjölær	Svarðplanta	Langir jarðstönglar sem mynda rætur á stöngullidamótum	Barrskóga-tempraða beltíð	Evrópa
Lækjadepla ( <i>Veronica serpyllifolia</i> )	Plantaginaceae	10	Fjölær	Svarðplanta	Langir jarðstönglar sem mynda rætur á stöngullidamótum	Barrskóga-tempraða beltíð	Evrópa

Aðfluttar æðplöntutegundir fundust í 123 reitum (23% af heildarfjölda rannsakaðra reita). Mjög hægri skekkt tíðnidreifing á fjölda tegunda í rannsóknarreitum sýndi að meirihluti skráðra aðfluttra tegunda var með mjög takmarkaða útbreiðslu í rannsóknarreitum. Sjö tegundir voru aðeins skráðar í einum reit en aðeins tvær tegundir, rauðvingull (*Festuca rubra*) og vegarfi (*Cerastium fontanum* subsp. *vulgare*), voru skráðar í meira en 60 reitum. Aðrar tegundir voru skráðar í innan við 27 reitum en meirihlutinn var skráður innan 10 reita.


Hálendisvegirnir í rannsókninni urðu ekki fyrir jöfnum áhrifum af landnámi aðfluttra plöntutegunda (4. tafla). Þannig voru alls 13 aðfluttar tegundir skráðar meðfram Kjalvegi og Landmannaleið en engin aðflutt tegund meðfram Öskjuvegi. Hlutfall tegunda sem voru meðfram báðum vegunum var 38% af heildarfjölda skráðra tegunda en þar var um að ræða snarrótarpunt (*Deschampsia cespitosa* subsp. *beringensis*), rauðvingul (*Festuca rubra*), alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), viðju (*Salix borealis*) og haugarfa (*Stellaria media*). Heildartegundaauði var sú sama á báðum vegum, 13 tegundir. Meðaltíðni aðfluttra tegunda í reitum var tvöfalt hærrí á Landmannaleið en við Kjalveg (4. tafla).

**4. tafla.** Aðfluttar tegundir skráðar meðfram Kjalvegi og Landmannaleið og hlutfallstíðni þeirra í könnuðum reitum.

Tegundaheiti	Staða	Kjalvegur (n=230)	Landmanna- leið (n=164)	Öskjuvegur (n=132)	Samtals (n=526)
Háliðagras, <i>Alopecurus pratensis</i>	Nýaðflutt	0,9	0,0	0,0	0,4
Ununarreyt, <i>Anthoxanthum odoratum</i>	Tegund með óþekkta landnámssögu	0,4	0,0	0,0	0,2
Skógarkerfill, <i>Anthriscus sylvestris</i>	Ágeng	0,4	0,0	0,0	0,2
Vegarfi, <i>Cerastium fontanum</i> subsp. <i>vulgare</i>	Tegund með óþekkta landnámssögu	0,0	38,4	0,0	12,0
Beringspuntur, <i>Deschampsia cespitosa</i> subsp. <i>beringensis</i>	Nýaðflutt	3,0	4,3	0,0	2,7
Vætudúnurt, <i>Epilobium ciliatum</i> subsp. <i>ciliatum</i>	Nýaðflutt	0,0	0,6	0,0	0,2
Rauðvingull, <i>Festuca rubra</i> subsp. <i>rubra</i>	Nýaðflutt	17,0	15,9	0,0	12,4
Lækjasef, <i>Juncus bufonius</i>	Fornaðflutt	0,0	0,6	0,0	0,2
Hlaðkolla, <i>Lepidotheca suaveolens</i>	Nýaðflutt	0,9	0,0	0,0	0,4
Alaskalúpína, <i>Lupinus nootkatensis</i>	Ágeng	5,2	9,2	0,0	5,1
Gleym-mér-ei, <i>Myosotis arvensis</i>	Fornaðflutt	3,9	0,0	0,0	1,7
Stafaþura, <i>Pinus contorta</i>	Nýaðflutt	0,4	0,0	0,0	0,2
Varpasveifgras, <i>Poa annua</i>	Fornaðflutt	0,0	7,9	0,0	2,5
Skríðsóley, <i>Ranunculus repens</i>	Fornaðflutt	0,0	0,6	0,0	0,2
Alaskaviðir, <i>Salix alaxensis</i>	Nýaðflutt	3,0	0,0	0,0	1,3
Viðja, <i>Salix borealis</i>	Nýaðflutt	1,3	1,2	0,0	1,0
Selja, <i>Salix caprea</i>	Nýaðflutt	0,0	1,2	0,0	0,4
Skurfa, <i>Spergula arvensis</i> subsp. <i>sativa</i>	Fornaðflutt	0,0	0,6	0,0	0,2
Haugarfi, <i>Stellaria media</i>	Fornaðflutt	0,9	0,6	0,0	0,6
Hvítmári, <i>Trifolium repens</i>	Óviss innlend tegund	3,0	0,0	0,0	1,3
Lækjadepla, <i>Veronica serpyllifolia</i>	Fornaðflutt	0,0	0,6	0,0	0,2
	<b>Meðaltíðni</b>	1,9	3,9	0,0	2,1

Fjölbreytugreining (NMDS) framkvæmd fyrir tvær víddir ( $k = 2$ ) gaf stressgildi (stress value) upp á 0,12 sem bendir til þess að greiningin hafi náð vel utan um breytileika gagnasafnsins.

Niðurstöður NMDS-greiningarinnar (3. mynd) sýndu enga greinilega skiptingu reita. Þegar gögnum um hæð yfir sjó í hverjum reit var varpað yfir á hnitakerfið mátti sjá að reitir sem staðsettir eru í lægri hæð yfir sjó virtust verða fyrir meiri áhrifum aðfluttra tegunda.




3. mynd. Niðurstöður NMDS-greiningar með Bray-Curtis-skyldleikaprófi. Reitir þar sem aðfluttar plöntutegundir eru skráðar eru merktir með rauðum lit.

Hæð yfir sjávarmáli, meðalhiti þurrasta ársfjórðungs og árstíðabundin breytileiki úrkomu sýndu marktæka neikvæða fylgni við tegundaauðgi aðfluttra plöntutegunda (5. tafla, 4. mynd). Spönn árshita og ársúrkomu sýndu marktæka jákvæða fylgni við tegundaauðgi aðfluttra plöntutegunda, einnig fjöldi bíla á ári og meðalíbúapöttleiki (5. tafla, 4. mynd).

5. tafla. Umhverfisþættir með marktæk áhrif á tegundaauðgi aðfluttra plöntutegunda meðfram hálendisvegum á Íslandi.

	Gildi stuðuls (estimate)	Staðalskekking	t-gildi	p-gildi (> t )
(Intercept)	$-1,981 \times 10^{-1}$	$8,043 \times 10^{-1}$	-0,246	0,806
Hæð yfir sjávarmáli	$-4,433 \times 10^{-3}$	$4,467 \times 10^{-4}$	-9,923	$< 2 \times 10^{-16}$
Spönn árshita	$1,596 \times 10^{-1}$	$3,623 \times 10^{-2}$	4,405	$1,29 \times 10^{-5}$
Alhiti þurrasta ársfjórðungs	$-1,444 \times 10^{-1}$	$2,921 \times 10^{-2}$	-4,943	$1,04 \times 10^{-6}$
Ársúrcoma	$8,828 \times 10^{-4}$	$1,378 \times 10^{-4}$	6,406	$3,36 \times 10^{-10}$
Árstíðabundin breytileiki úrkomu	$-5,788 \times 10^{-2}$	$1,386 \times 10^{-2}$	-4,175	$3,49 \times 10^{-5}$
Fjöldi bíla á ári	$6,057 \times 10^{-3}$	$7,982 \times 10^{-4}$	7,588	$1,52 \times 10^{-13}$
Meðalíbúapöttleiki	$3,632 \times 10^2$	$4,517 \times 10^1$	8,040	$6,13 \times 10^{-15}$



4. mynd. Áhrif umhverfisþátta á tegundaauðgi aðfluttra plöntutegunda meðfram hálendisvegum á Íslandi. Skyggðu böndin gefa til kynna 95% bilið milli vikmarka.


Nákvæm greining á hæðarmörkum níu algengustu plöntutegundanna sem finnast meðfram hálendisvegum sýndi að flestar þeirra hafa ekki dreifst yfir 400 m hæð (5. mynd). Vegarfi (*Cerastium fontanum* subsp. *vulgare*), varpasveifgras (*Poa annua*), og rauðvingull (*Festuca rubra*) voru þær tegundir sem náðu hæstu hæð yfir sjávarmáli. Fyrir þær tegundir sem eftir eru var fjöldi skráninga of lágur til að hægt væri að fá áreiðanlegar tölur.

## 4 UMRÆÐUR

### 4.1 Flokkunar- og vistfræðileg samsetning aðfluttrar flóru meðfram hálendisvegum

Niðurstöður okkar sýna að fjöldi aðfluttra plöntutegunda getur nýtt hálendisvegi sem flutningsleið inn á íslenska hálendið. Á Íslandi eru 104 æðplöntutegundir og undirtegundir (taxa) sem teljast aðfluttar og geta þær haldið uppi stofnum yfir lengri tímabil og myndað lífvænlega stofna (óvissar innlendar tegundir, aðfluttar tegundir með óþekkta landnámssögu, fornaðfluttar tegundir og tegundir sem hafa numið land á Íslandi og teljast nú ílendar) (Wasowicz 2020). Af þeim var 21 tegund (20%) skráð í reitum okkar meðfram hálendisvegum.

Flokkunarfræðileg samsetning aðfluttu flórunnar meðfram hálendisvegum er mjög svipuð flokkunarfræðilegri samsetningu aðfluttu flórunnar sem Alexander o.fl. (2016) tóku saman fyrir fjallandi víða um heim. Á hálendi Íslands, rétt eins og á öðrum hálendisvæðum, eru grasætt



5. mynd. Myndir sem sýna hæðarmörk níu algengustu aðfluttra plöntutegunda meðfram hálendisvegum. Lóðréttar línur samsvara fyrsta, öðru og þriðja hlutfallsmarki

(Poaceae), hjartagrasætt (Caryophyllaceae) og ertublómaætt (Fabaceae) meðal algengustu ætta sem finna má í aðfluttri flóru. Mjög lágt hlutfall tegunda af körfublómaætt (Asteraceae) og óvenju hátt hlutfall tegunda víðisættarinnar (Salicaceae) eru meðal einkenna aðfluttra hálendisflórunnar hérlandis sem víkur frá þeirri mynd sem þekkist á hálendisvæðum og fjalllendi um allan heim. Alexander o.fl. (2016) skráðu körfublómaætt (Asteraceae) sem næstalgengustu ætt aðfluttrar flóru í fjalllendi en víðisætt (Salicaceae) (sem nær 14% hlutdeild á Íslandi) var ekki meðal 20 algengustu ætta sem náðu til fjallendis og hálendisvæða á heimsvísu. Landfræðilegur uppruni aðfluttra tegunda sem við höfum skráð meðfram hálendisvegum er svipaður og staðfest hefur verið á sambærilegum svæðum um allan heim þar sem evrópskar og asískar plöntur eru algengastar (Alexander o.fl. 2016). Breytileiki í lífssögueiginleikum tegunda sem skráðar voru í þessari rannsókn var svipaður og mynstrið sem staðfest var frá öðrum fjallsvæðum þar sem fjölærar plöntur eru algengastar. Hlutfall einærra tegunda var lægra í rannsókn okkar en í aðfluttri flóru í fjallendi/hálendi annars staðar í heiminum (Alexander o.fl. 2016).

Tré voru yfir 20% af aðfluttum tegundum meðfram hálendisvegum sem er mun hærra en heildarhlutfall trjáa í flóru Íslands (Wasowicz 2020). Hlutfall trjáa er einnig mjög hátt í samanburði við aðfluttra flóru fjallendis/hálendis annars staðar, þar sem trjátegundir eru mjög sjaldgæfar (Alexander o.fl. 2016). Þetta háa hlutfall aðfluttra trjáa getur gefið nokkrar vísbendingar um framtíðarhorfur á dreifingu plantna inn á hálendi Íslands. Ljóst er að umhverfi meðfram sumum hálendisvegum skapar aðstæður sem eru hentugar fyrir útbreiðslu aðfluttra víðitegunda, t.d. viðju (*S. borealis*) og alaskaviðis (*S. alaxensis*). Það á eftir að koma í ljós hvort önnur aðflutt tré með mikla dreifingargetu eins og stafafura (*Pinus contorta*) og sitkagreni (*Picea sitchensis*)

fylgi í kjölfarið. Að því er við vitum eru rannsóknir okkar þær fyrstu sem staðfesta útbreiðslu aðfluttra trjáa meðfram vegum í fjallahéruðum eða í norðurskautsumhverfi (subarctic).

Við fundum ekki slæðinga (casual aliens) í þessari rannsókn, jafnvel ekki meðfram hálendisvegum þar sem umferðarpungi er mikill. Rannsóknir sem gerðar hafa verið í fjalllendi utan Íslands hafa sýnt að flestar aðfluttar plöntutegundir sem ná fótfestu í meiri hæð yfir sjávarmáli nema fyrst land á láglandi og dreifast þaðan hærra upp í landið eins og loftslagskröfur þeirra leyfa (Alexander o.fl. 2011). Rannsókn okkar sýnir að svipað mynstur má finna meðfram hálendisvegum hérlendis. Fræ og aðrir plöntuhlutar dreifast aðallega með bílum frá láglandi þar sem aðfluttar plöntur eru mun útbreiddari (Wasowicz o.fl. 2013).

## 4.2 Hvaða umhverfisþættir stjórna tegundaauðgi aðfluttra æðplantna meðfram hálendisvegum?

Svo virðist sem tegundaauðgi aðfluttra plantna meðfram vegum sé fyrst og fremst stjórnað af veðurfari. Neikvæð fylgni tegundafjölda aðfluttra tegunda við hæð (meðalhita) hefur verið staðfest með mörgum rannsóknum um allan heim (Becker o.fl. 2005, Ahmad o.fl. 2018). Flestar aðfluttar tegundir meðfram hálendisvegum voru skráðar í minni hæð yfir sjávarmáli og aðeins nokkrar þeirra gátu stækkað útbreiðslusvæði sitt í meiri hæð. Í nokkrum tilfellum voru einstakar tegundir skráðar í hærri hæð nálægt ferðamannastöðum. Þessar stöku skráningar sýna getu aðfluttra tegunda til að ná enn lengra inn á hálendið eftir þeim leiðum sem vegir, slóðar og áningarstaðir ferðamanna opna fyrir dreifingu þeirra.

Samkvæmt Alexander o.fl. (2011) eru sterk áhrif hæðar afleiðing af vistfræðilegri síun. Slíkt gerist þegar aðfluttar tegundir sem eru fluttar inn á röskuð svæði (venjulega staðsett í lægri hæð) eru smám saman síaðar út af erfiðari loftslagsskilyrðum eftir aukinni hæð. Þetta virðist eiga sérstaklega við á svæðum þar sem hitastig lækkar hratt með hækkuninni. Nokkrar frekari rannsóknir styðja þessa tilgátu (t.d. Seipel o.fl. 2012, Marini o.fl. 2013, Dainese o.fl. 2014).

Í rannsókn okkar sýndi tegundaauðgi aðfluttra plantna marktæka jákvæða fylgni við spönn árshita. Það sýnir að tegundaauðgi hefur tilhneigingu til að vera meiri á svæðum þar sem þetta bil milli hæsta og lægsta hitastigs er hærra. Mikil fylgni var einnig milli úrkomutengdra breyta við tegundaauðgi aðfluttra tegunda meðfram hálendisvegum. Mikil úrkoma og lítill breytileiki í úrkomusummu yfir árið eru þær aðstæður sem skapa ákjósanleg umhverfisskilyrði fyrir aðfluttar plöntutegundir meðfram vegum á íslensku hálendi. Þær tvær breytur sem eftir eru (meðalíbúapöttleiki og fjöldi bíla á ári) er hægt að tengja bæði við rasktíðni og framboð á fræi og öðrum plöntuhlutum sem auka útbreiðslu aðfluttra plantna. Fjöldi aðfluttra tegunda jókst verulega með aukinni umferð og auknum meðalíbúapöttleika.

Öskjuvegur var eini vegurinn í rannsókninni sem reyndist ekki verða fyrir áhrifum af landnámi aðfluttra plantna. Svo virðist sem það séu að minnsta kosti nokkrir þættir sem stuðla að því að þessi áberandi munur kom fram. Öskjuvegur er mjög afskekktur, ólíkt hinum tveimur hálendisvegum sem voru til rannsókna, og er upphaf og endir hans á svæðum þar sem rask af mannavöldum er aðeins lítills háttar. Öskjuvegur byrjar einnig í mun hærri hæð en Landmannaleið og Kjalvegur og liggur einnig hæst yfir sjávarmáli sem þýðir að veðurskilyrði þar eru mun óhagstæðari. Samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar er Öskjuvegur einnig minnst notaði vegurinn miðað við fjölda bíla á ári. Því virðist sem lítið framboð á fræi og/eða fjölgunareiningum nálægt vegamótum Öskjuvegur og Hringvegur, lítil umferð og óblítt loftslag séu meginástæður þess að ekki fundust aðfluttar plöntutegundir við veginn.

### 4.3 Er íslenskt hálendi jafn ónæmt fyrir aðfluttum plöntum og hálendissvæði/fjalllendi á lægri breiddargráðum?

Sumar rannsóknir hafa sýnt að fjalllendi á lægri breiddargráðum eru í eðli sínu minna næm fyrir landnámi aðfluttra plöntutegunda en láglandissvæði vegna lágs hitastigs, stutts vaxtarskeiðs og þurrka (Pollnac og Rew 2014). Hins vegar hefur verið sýnt fram á að í köldu norrænu umhverfi hafa aðfluttar tegundir, sem bárust eftir vegum inn á hálendissvæði, náð fótfestu í plöntusamfélögum á mun skilvirkari hátt en á láglandi (Lembrechts o.fl. 2014). Þessar rannsóknir sýndu að plöntusamfélög á hálendi eða í fjalllendi brugðust öðruvísi við vegaröskun en lík samfélög á láglandi (Lembrechts o.fl. 2014). Rannsóknin leiddi í ljós að þrátt fyrir að áhrif vega á flóru virðist vera milduð í fjallaumhverfinu í heild, eru fjallaplöntusamfélög næmari fyrir landnámi aðfluttra plöntutegunda en vistkerfi láglandis. Niðurstöðurnar benda til þess að ekki sé hægt að heimfæra áhrif vega á láglandi á útbreiðslu framandi plöntutegunda á afdrif þeirra meðfram vegum í umhverfi fjalla og heimskautasvæðanna. Svo virðist sem í tilviki íslenska hálendisins geti áhrif ágengra plöntutegunda verið sérstaklega mikill. Hæsta hlutfall lítt gróinna svæða (vistgerða) á landinu er innan hálendisins (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) sem getur aukið líkurnar á frumframvindu aðfluttra plöntutegunda þar sem lítil eða engin samkeppni er frá innlendum tegundum. Þessir staðir eru oft með miklu víðsýni og laða að ferðamenn vegna sérstöðu sinnar. Fábreytt æðplöntuflóra og gisinn lágvaxinn gróður er mun viðkvæmari fyrir ágengni plantna en gamalgrónir skógar eða þéttur fjallagróður á fjalla/hálendissvæðum á lægri breiddargráðum.

Fjöldi rannsókna hafa sýnt að blettir í vegkanti, með framandi tegundum, geta virkað sem uppspretta fyrir útbreiðslu þeirra (Tyser og Worley 1992, Pauchard og Alaback 2004, Pollnac o.fl. 2012, Seipel o.fl. 2012). Gera má ráð fyrir sama dreifingarmynstri fyrir íslenska hálendið þar sem blettir í vegkanti munu þjóna sem aðalsvæði landnáms og útbreiðslu aðfluttra tegunda.

### 4.4 Áhrif loftslagsbreytinga

